

Mál nr. 354/2018**M og
váttryggingafélagið V v/ slysáttryggingar launþega.****Ágreiningur um hvort meiðsl á hné megi rekja til slyss í skilningi váttryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot, móttækið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 16.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 15. febrúar 2018 var M í körfubolta og varð þá fyrir meiðslum á hægri hné. Vinnuveitandi M hafði í gildi slysáttryggingu launþega hjá V sem gildi allan sólarhringinn. Í tilkynningu um tjónið til V, dags. 6. mars 2018, segir að M hafi verið í körfubolta með vinnufélögum sínum og hafi hann stokkið upp af hægri fæti en fóturinn gefið sig um leið og hann orðið fyrir miklum meiðslum á hnénu. Í tilkynningunni er meiðslunum nánar lýst svo að fremra krossband, liðbönd og liðþófi hafi rifnað eða slitnað og hnéskel farið úr lið.

Í bráðamóttökuskrá Landspítalans kemur fram að M hafi komið með sjúkrabifreið. Hann hafi stokkið upp á hlaupum og fundið fyrir tilfærslu á hné til hægri og fundist það svo skreppa aftur til baka. Verkir hafi verið innanvert á hné yfir „medial collateral“ liðbandi.

M hefur krafist bóta úr fyrrgreindri slysáttryggingu hjá V. Með bréfi 2. október 2018 hafnaði V bótaskyldu úr váttryggingunni. Í málskoti hefur lýst tildrögum slyssins á þann veg að lið hans hafi verið í sókn og hafi hann verið með boltann vinstra megin við körfuna. Hafi hann „dripplað“ að miðju vítateigs, en þar hafi verið nokkrir leikmenn inni í hringnum og smá barningur. Hann hafi tekið boltann og stokkið upp í loftið. Þegar hann var í loftinu hafi hann lent í samstuði við annan mann sem ýtti á vinstri hlið hans. Það hafi orðið til þess að hann „lenti í engu jafnvægi og með allan þungan á hægri fæti“. Við það hafi liðþófi rifnað, krossbandið og liðband slitnað og hnéskelin farið úr lið. Sex einstaklingar, væntanlega leikfélagar M, hafa undirritað yfirlýsingu þar sem þeir kveðast staðfesta að slys M hafi borið að með þeim hætti sem í málskötinu greinir.

Álit.

Í skilmálum V fyrir slysáttryggingu launþega segir að félagið greiði bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir, ef það leiðir m.a. til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Enn fremur segir í skilmálunum að með hugtakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem váttryggður er og gerist án vilja hans.

Nokkuð ber í milli í frásögn M af tildrögum slyssins annars vegar í tjónstilkynningu hans til V og hins vegar í málskoti. Svo er að sjá að við komu á bráðadeild Landspítalans hafi M lýst atvikum með sama hætti og greinir í tjónstilkynningunni. Að öllu virtu verður ekki hjá því komist að leggja þessa frásögn til grundvallar þegar lagt er mat á hvort M hafi orðið fyrir umræddum meiðslum af völdum slyss eins og það hugtak er skilgreint í skilmálum slysáttryggingarinnar, enda kom síðari lýsing á atvikinu til eftir að V hafði hafnað bótaskyldu. Þessu breytir ekki staðfesting einstaklinganna sex um það hvernig slysið bar að höndum.

Í tilkynningunni til V kvaðst M hafa orðið fyrir meiðslunum er hann stökk upp af hægri fæti. Samkvæmt því hefur hann ekki orðið fyrir meiðslunum af völdum utanaðkomandi atburðar eins og áskilið er í skilmálunum. Er í tilviki þessu því ekki um að ræða slys í skilningi váttryggingarskilmálanna og af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 29. nóvember 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.